

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 233 10. maí 1989 um fullvirðisrétt til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 1989–1990.

1. gr.

Í stað orðanna „að nýta af fullvirðisrétti sínum verðlagsárið 1990–1991 jafngildir allt að 5%“ í 1. mgr. 14. gr. komi orðin „að nýta af fullvirðisrétti sínum verðlagsárið 1990–1991 jafngildir allt að 15%.“

2. gr.

3. málslíður, 2. málsgreinar, 14. gr. orðist svo:

Ónotaður fullvirðisréttur umfram það sem að framan greinir fellur fyrst til viðkomandi búmarkssvæðis og skal þar ráðstafa honum til annarra framleiðenda hlutfallslega eftir því sem þörf krefur, fyrst til þeirra sem hafa fullvirðisrétt minni en 80% af búmarki, að 80% markinu, síðan á framleiðslu að búmarki viðkomandi býla og síðast á framleiðslu yfir búmark á svæðinu. Því sem þá kann að vera óráðstafað skal ráðstafa til annarra búmarkssvæða og skiptast þar eins og að ofan greinir.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. mars 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Eskifjarðar nr. 797/1982 með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Bæjarráð hefur umsjón með vatnsveitunni og gerir tillögur til bæjarstjórnar um úrbætur og framkvæmdir. Ráða skal sérstakan umsjónarmann til daglegs reksturs vatnsveitunnar.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Eskifjarðar, staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923, til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 20. mars 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Pórhildur Líndal.